



INTERNATIONAL SOCIETY FOR KEY WOMEN EDUCATORS
DELTA KAPPA GAMMA™

Fréttabréf

Delta Kappa Gamma

Haust 2004

Félag kvenna í fræðslustörfum

Frá ritnefnd

Enn á ný er aðventan gengin í garð og fréttabréf haustsins kemur með jólapóstinum. Við munum í þessu fréttabréfi aðallega beina sjónum okkar að framhaldsskólum landsins eins og við boðuðum í síðasta bréfi, þótt vissulega væri ærin ástæða til að fjalla um hina mikilvægu og góðu starfsemi grunnskólanna og þá erfiðu stöðu sem kennarar þeirra hafa verið í undanfarna mánuði. Við sendum þeim baráttukveðjur með von um að landsmenn allir fari að átta sig á gildi menntunar fyrir þjóðina í heild.

Eins og venja er í haustbréfinu verða birtar fréttir frá deildum og er gaman að sjá hvað starfsemi félagsins er fjölbreytt og blómleg um allt land. Við þökkum formönnum fyrir. Sigrún Jóhannesdóttir úr Deltadeild skrifar skemmtilega grein um áhugaverða fyrirlestra á alþjóðþingi Delta Kappa Gamma í Minneapolis þar sem hún hvetur konur til að sækja slík þing. Landsambandsforsetinn okkar Rósa Kristín Júlíusdóttir færir okkur góðan pistil að vanda og hvetur konur einnig til að sækja næsta Evrópuþing samtakanna í Turku í Finnlandi í sumar. Auk þessa eru í fréttabréfinu tvær greinar tengdar framhaldsskólum landsins, önnur skrifuð af fyrirverandi félagskonu í Etadeild dr. Hafdís Ingvarsdóttur og hin af nýrri félagskonu á Vestfjörðum dr. Ólínu Þorvarðardóttur í Jótadeild. **Hafdís gefur okkur innsýn í doktorsritgerð sína, þar sem kennarinn sjálfur og starf hans var miðpunktur rannsóknarinnar. Ólína kynnis fyrir okkur Menntaskólann á Ísafirði sem hún hefur stýrt í nokkur ár. Hún bendir í grein sinni m.a. á mikilvægi slíkra menntastofnana fyrir atvinnu- og búsetuþróun á landsbyggðinni. Kunnum við öllum þessum konum bestu þakkir fyrir þeirra framlag, án slíkra framlaga yrði fréttabréfið heldur rýrt.**

Við viljum í lokin vekja athygli á bágri stöðu barna og sérstaklega ungra stúlkna víðs vegar í heiminum og litlum möguleikum þeirra á almennri menntun. Við fögnum ákvörðun samtaka okkar að styðja starfsemi UNICEF á Íslandi til að bæta aðstöðu þessara stúlkna. Til að undirstrika mikilvægi þessa málaflökks birtast í fréttabréfinu ýmsar upplýsingar af síðu UNICEF á Íslandi, með þeirra leyfi, og við vonum að félagskonur leggi þessum stúlkum lið um ókomna tíð.

Við sendum félagskonum og fjölskyldum þeirra bestu óskir um gleðiríka jólahátíð og farsæld á komandi ári. Þökkum ánægjulegt samstarf á árinu.

Margrét Kristín Jónsdóttir magga@ma.is

Selma Hauksdóttir selma@ma.is

Sigrún Aðalgeirsdóttir sigrun@ma.is

Rósa Kristín Júlíusdóttir

Frá forseta Landssambandsins

Kæru félagskonur og systur í Delta Kappa Gamma



Sú sýn sem birtist mér fyrir utan gluggann minn býður mér að óska ykkur gleðilegs vetrar. Ég veit að fyrir þær ykkar sem tóku þátt í verkfalli grunnskólakennara hafa erfiðleikar undangenginna vikna sett svip sinn á þennan vetur. Þið eigið hugheilar óskir mínar um styrk í kennslunni sem framundan er. Okkur ber að veita komandi kynslóðum besta menntakerfi sem völ er á. En jafnframt þurfum við á kennurum að halda sem búa við bestu starfskilyrði og launakjör.

Á liðnu sumri héldu fimm íslenskar Delta Kappa Gamma systur á Alþjóðþingi samtakanna í Minneapolis í Bandaríkjunum. Þetta voru Kristín Bjarnadóttir Gammadeild, Sigríður Jónsdóttir Alfadeild, Sigrún Klara Hannesdóttir Alfadeild, Sigrún Jóhannesdóttir Deltadeild og undirrituð.

Dagskrá þingsins og hátíðahöld voru með slíkum ágætum að seint mun liða úr minni. Það var einstök reynsla að deila upplifunum 75 ára afmælis samtakanna okkar með 2300 Delta Kappa Gamma systur víðsvegar að úr veröldinni. Samkenndin sem myndaðist er afar þýðingarmikil og hún einkennir samtökin okkar á öllum stigum; í deildum, á landssambandsþingum sem og á alþjóðavísu. Þetta er einn af ávinningum þess að vera hluti af þeirri stóru systrakeðju sem Delta Kappa Gamma er.

Mér þótti líka vænt um hve Evrópuhópurinn var stór og við fengum tækifæri til að styrkja böndin enn frekar á Evrópu-Forum og Evrópu-morgunverðarfundinum. Á Evrópu-Forum hélt Sigrún Jóhannesdóttir afbragðs góðan vinnufund, sem hún nefndi; „Old purposes – New Measures“, við frábærar undirtektir viðstaddir. Evrópumorgunverðurinn var einkar ánægjuleg samverustund sem okkar eigin Sigrún Klara Hannesdóttir stjórnaði af sinni stöku snilld. Voru henni jafnframt færðar miklar þakkir og virðingarvottur fyrir frábæra frammistöðu sem svæðisstjóri Evrópusvæðisins síðastliðin tvö ár.

Nýr svæðisstjóri Evrópu er Marja-Leena Leskinen frá Finnlandi og tímabært að minna á að næsta Evrópuráðstefna (svæðisþing) verður haldin í **Turku í Finnlandi dagana 3. til 6. ágúst 2005**. Ég vil hvetja ykkur til þess að merkja við þessa daga í dagbókinni ykkar og hefjast síðan handa við að finna ódýrustu fargjöldin til Turku! Að vera Delta Kappa Gamma systir öðlast nýjar víddir á alþjóðlegum ráðstefnum okkar eða þingum.

Á lokadegi alþjóðaráðstefnunnar afhenti fráfarandi forseti Jean Gray nýkjörnum alþjóðaforseta Jacklynn Cuppy forsetalykilinn ásamt fundarhamrinum og góðum óskum. Jean minnti okkur á að fyrir tveim árum þegar hún tók við þessu hlutverki það hún okkur að íhuga hlutverk okkar; *hverjar erum við?*, en jafnframt að beina athygli okkar að markmiðum samtakanna. Nýkjörinn alþjóðaforseti Jacklynn Cuppy er frá Kanada og er hún fyrsti forseti Delta Kappa Gamma International sem kemur frá landi utan Bandaríkjanna. Jacklynn hvatti okkur Delta Kappa Gamma systur að setja markið hátt og leggja til sóknar eftir því besta í menntun og námi, hún hefur kosið þessi einkunnarorð fyrir næstu tvö árin: „Excellence in Education“.

Jacklynn Cuppy verður gestur á landssambandsþingi okkar í Reykjavík vorið 2005. Deildirnar þrjár á Reykjavíkursvæðinu munu sjá um skipulagið. Dagsetning þingsins hefur verið ákveðin **23. apríl 2005** og hvet ég ykkur til að merkja þann dag á dagatalinu.

Það er mér ánægja að segja ykkur frá því að þrjár íslenskar Delta Kappa Gamma systur hafa verið skipaðar í alþjóðlegar nefndir á vegum samtakanna. Þær eru Anna Þóra Baldursdóttir Betadeild í dómnefnd sem velur bók/bækur sem hljóta fræðamannsverðlaun samtakanna annað hvert ár, Kristín Bjarnadóttir Gammadeild í rannsóknarnefnd og Sigríður Jónsdóttir Alfadeild í ferða- og námsnefnd. Við erum stoltar af okkar konum og óskum þeim til hamingju!

Ég vil að lokum óska ykkur öllum velfarnaðar í leik og starfi á komandi vetri. Megið þið njóta þeirra fjölbreyttu verkefna sem nýir formenn og stjórnir deilda bjóða ykkur upp á í vetur.

Vinsamlegast takið frá **23. apríl 2005 fyrir landssambandsþingið!**

Með systrakveðju,
Rósa Kristín Júlíusdóttir



Sigrún Jóhannesdóttir

Alþjóðþing Delta Kappa Gamma – Símenntun og siskemmtun



Alþjóðþing Delta Kappa Gamma eru haldin annað hvert ár, venjulega í Bandaríkjunum. Ég hef átt þess kost að sækja þau þrisvar sinnum, nú síðast í sumar í Minneapolis. Þessi þing eru einstaklega skemmtileg og menntandi, bæði félagslega og faglega. Það má líkja þeim við hlaðborð með ótal réttum, vandinn er að velja. Mig langar til að deila með ykkur örlitlu af því sem ég valdi af hlaðborðinu í sumar.

Ég hlýddi á fyrirlestur eins af aðalfyrirlesurum þingsins, Dr. Crystal Kuykendall, sem hún nefndi: „Winning Women... Triumphs with Daily CPR“ og byggir á bók hennar „From Rage to Hope.“ Þar fjallar hún um leiðir til að koma fólki, sem á erfitt uppdráttar, til manns og jafnvel metorða. Hún notar sjálfa sig sem dæmi og byggir á erfiðri reynslu: Svört stúlka úr fátækrahverfi og frá brotinni fjölskyldu en er nú orðin doktor sem rekur eigið fyrirtæki og er vinsæll fyrirlesari og rithöfundur í Bandaríkjunum. Hennar skilaboð til kennara og uppalenda voru í raun einföld: Með jákvæðri hvatningu og sannri umhyggju og væntumþykju má draga fram allt það jákvæðasta í fólki og fleyta því langt á meðan fordómar, skammir og afskiptaleysi draga fram verstu hliðar fólks.

Það mikilvægasta sem við kennum fólki er jákvæð viðhorf. Í fyrsta lagi gagnvart öðru fólki, mismunandi útliti, framkomu og siðum. Við þurfum að láta viðhorfin í ljós með jákvæðum viðbrögðum, með því að hæla, hvetja og koma með jákvæðar athugasemdir í samskiptum við aðra. Í öðru lagi jákvæð viðbrögð gagnvart mistökum því óttinn við að gera mistök hamlar sumu fólki ævilangt. Þolgæði og þrautseigja eru lærd hegðun sem eflist við jákvæð viðbrögð. Hún nefndi sem dæmi um algeng jákvæð viðbrögð við mistökum þegar fólk lærir að hjóla, þá stendur það alltaf upp aftur þangað til færninni er náð. Enginn segir, farðu aftur á þríhjól því þú getur þetta augljóslega ekki. Jákvæð viðbrögð ættu að vera reglan í öllu uppeldisstarfi því neikvæð viðbrögð móta neikvæðar væntingar sem geta háð fólki ævilangt.

Hún velti fyrir sér hvaða aðferðum er beitt í skólakerfinu til að efla fólk? eru þar tíðkuð jákvæð viðbrögð við mistökum eða er einkunnum og athugasemdum markvisst beitt til að brjóta fólk niður sem gerir mistök? Hún lét áheyrendur um að meta það en sagði frá

könnun sem gerð var á sjálfsmynd barna og unglunga í Bandaríkjunum þar sem eftirfarandi niðurstöður komu fram:

Við 5 ára aldur eru 80% barna mjög sátt við sig sjálf!

Við 10 ára aldur eru 20% barna mjög sátt við sig sjálf!

Við 16 ára aldur eru 5% barna mjög sátt við sig sjálf!

Niðurstaða Dr. Crystal var að þessu mætti breyta mikið með því að vinna meira með jákvæða hvatningu, umhyggju og væntumþykju, bæði á heimilum og í skólum.

Þessi fyrirlestur var fluttur af miklum eldmóði og hlýjum húmor og kveikti bæði hugmyndir og tilfinningar. Lýsingar hennar á ömurlegri bernsku sinni en jafnframt stöðugri uppörvun sem hún fékk bæði frá kennurum og ættingjum voru góð áminning um hvað það skiptir miklu máli og hvað oft þarf lítið að kosta til að breyta erfiðleikum í jákvæða þróun. Fyrirlesarinn var sjálf talandi dæmi um það.

Einnig hlýddi ég á tveggja tíma fyrirlestur Glennu Salsbury „How to Stay on the Cutting Edge Without Losing Your Balance“ Glenna er þekktur fyrirlesari í USA og hefur fengið ýmsar viðurkenningar fyrir slíkt. Margt var af henni að læra bæði tæknin sem hún beitti og innihaldið í fyrirlestrinum. Aðalumfjöllunarefni hennar var sjálfs-efling og stöðug viðleitni mannsins til að ná árangri. Sem ísbrjót notaði hún aðferðina „að víkka öryggissvæði okkar“ sem fólst í því að við ræddum við sessunauta okkar um það sem okkur var efst í huga í 2-3 mín. Við það að ræða við ókunna sessunauta víkkaði öryggissvæðið, hópnum leið betur og varð virkari í hugsun. Ég notaði þessa aðferð á fræðslufundi sem ég var með næsta dag og það virkaði mjög vel.

Glenna skipti erindi sínu í fimm efnispætti sem hún skilgreindi svo nánar: orka, fólk, breytingar, hagkvæmni og ástríða (afl, tilgangur). Eftir hvern þátt hafði hún könnun og verkefni til að tryggja að við værum með á nótunum í fyrirlestrinum.

Ráðleggingar Glennu væru of langt mál í þessa grein en dæmi um einn þáttinn, orkuna, er eftirfarandi:

Fjórar leiðir til að auka innri orku okkar í samskiptum við aðra:

- Vertu ekki hrædd/ur við að láta í ljós hrifningu, ákefð, áhuga.
- Spyrðu fólk um líðan, áhugamál o.fl. og hlustaðu á svör þess, það gefur orku að þekkja bakgrunn og sögu fólks.
- Gerðu þér ómak í samskiptum við fólk – þú færð það launað í orku.
- Temdu þér að nota nöfn fólks í samskiptum við það, ótrúlega mikil orka fylgir nöfnum.

Niðurstöður mínar um þennan fyrirlestur voru að þar væru mörg góð ráð um hvernig við getum eftir okkur í starfi og persónulegu lífi. Margt af því sem fram kom hjá henni eru mjög góð ráð í kennslu og hef ég nú þegar innlimað sum þeirra enn betur í kennsluáferðir mínar.

Of langt mál væri að tíunda allt það faglega efni sem ég komst yfir að kynna mér þessa daga sem ráðstefnan stóð en mig langar til að nefna tvo fræðslufundi sem mér fannst mjög áhugaverðir. Annar hafði yfirskriftina „Mentoring Matters“ sem mér finnst við hæfi að þýða: „Leiðsögn skiptir máli“ og kveikti hugmyndir um að við gætum unnið meira markvisst með slíka menntun almennt í okkar þjóðfélagi.

Hinn fræðslufundurinn fjallaði um tvær verðlaunabækur Delta Kappa Gamma kvenna: „We're Born to Learn: Using the Brain's Natural Learning Process to Create Today's Curriculum“ eftir Ritu Smilkstein. Bókin er árangur af vísindalegri rannsókn sem tengd er könnun og viðtölum við nemendur. Í bókinni eru hugmyndirnar um það hvernig fólk lærir og hvernig heilinn lærir tengdar saman í sex þrepum frá grunnþekkingu upp í flókna hugsun. Síðan sýnir Rita fram á hvernig þessi heilarannsókn nýtist til að gera nám árangursríkara. Hin bókinn heitir „Mental Fitness for Life: Seven Steps to Healthy Aging.“ Höfundar eru Dr. Sandra Cusack og Wendy Tompson. Í bókinni er leitast við að svara tveimur spurningum: Hvað er hugræn hæfni (mental fitness) og hvernig þróum við hana? Eftirfarandi sjö hæfnipættir og þjálfun þeirra eru dregnir fram í bókinni:

- Setja sér persónuleg markmið
- Temja sér ögrandi hugsanir
- Þróa/efla skapandi hugsun
- Temja sér jákvætt viðhorf
- Þjálfá minni og sínámshæfni
- Tjá sig um skoðanir sínar
- Vera meðvitaður um þörf á þjálfun og útbúa sér þjálfunar-
prógram

Lýst er miklum árangri sem þátttakendur náðu með því að efla þessa sjö hæfnipætti markvisst.

Ég vona að þessi takmarkaða innsýn í sumt af því sem var á menntahlaðborðinu mikla í Minneapolis sýni hvað Delta Kappa Gamma samtökin eru í raun öflug símenntunarsamtök og að ferð á alþjóðþing er bæði skemmtilegt, gagnlegt og gjöfult verkefni sem vert er að stefna að.

Verkefni UNICEF varðandi menntun stúlkna í Afríku

Stefán Ingi Stefánsson frá UNICEF á Íslandi kom á fund hjá framkvæmdaráði Landssambands Delta Kappa Gamma í september og kynnti starfsemi samtakanna. Hann sagði margskonar verkefni í gangi hjá samtökunum s.s. útgáfu á námsefni í samvinnu við Námsgagnastofnun, gerð sjónvarpsþátta og verkefnið Ungt fólk og lýðræði. Þessi verkefni snerta öll velferð barna. Hann sagði einnig frá fjáröflun til verkefnis um menntun stúlkna og nefndi að aðalritari Sameinuðu þjóðanna Kofi Annan telji að lykillinn að velferð þjóða sé sá að mennta stúlkur. Delta Kappa Gamma er fyrsta félagið sem styrkir þetta verkefni og gáfu samtökin 100.000 kr. Stefnt er að því að fjármagna verkefni í Guinea-Bissau og fleiri verkefni sem snúa að menntun stúlkna. Verkefnið mun standa yfir á árunum 2004-2007. Það er síðan í höndum hvernar deildar hvernig og hvort haldið verði áfram að styrkja verkefnið í formi samskota á fundum eða annars konar fjáröflunar. Deildir geta síðan skilað framlaginu á Landssambandsþinginu í vor.



Framkvæmdastjóri UNICEF á Íslandi tekur á móti styrknum



Fréttir frá deildum

Alfadeild

Í nýkjörinni stjórn Alfadeildar eru eftirtaldir konur:
Sigríður Ragna Sigurðardóttir formaður
Marta Guðjónsdóttir varaformaður
Ásta Valdimarsdóttir ritari
Erna Árnadóttir erlendur bréfitari
Margrét Gunnarsdóttir meðstjórnandi
Herdís Egilsdóttir meðstjórnandi
Póra Kristinsdóttir gjaldkeri

Stjórn Alfadeildar hélt nokkra fundi síðastliðið sumar og haust til undirbúnings vetrarstarfinu 2004 - 2005.

Fyrsti fundur í deildinni var haldinn áttunda október 2004 og var tengdur heimsókn deildarkvenna að Gljúfrasteini í Mosfellsbæ. Frú Auður Laxness ekkja Halldórs tók á móti okkur, gekk um safnið að Gljúfrasteini og spjallaði um líf þeirra hjóna á staðnum. Það var ógleymanlegt að fá að hlusta á Auði segja frá staðnum og lýsa tilkomu margra þeirra fjölmörgu listaverka sem prýða safnið. Að heimsókn lokinni voru bornar fram kaffiveitingar í Draumahúsinu í Mosfellsbæ og var frú Auður gestur okkar þar. Á kaffihúsinu héldum við óformlegan fund og ræddum um vetrarstarfið. Þessi fyrsti fundur var mjög vel sóttur og lofar góðu um framhaldið.

Annar fundur vetrarins var haldinn í Norræna húsinu 18. október. Á fundinn kom Oddný Harðardóttir verkefnisstjóri hjá Menntamálaráðuneytinu og kynnti skýrslu sem hún ásamt fleirum hefur unnið á síðustu árum. Skýrslan fjallar um styttingu náms til stúdentsprófs eða eins og skýrslan nefnist: Breytt námskipan til stúdentsprófs - aukin samfella í skólastarfi. Það var mjög fróðlegt erindi og gaf konum innsýn í þær breytingar sem væntanlega koma til framkvæmda verði skýrslan samþykkt. Í framhaldi af erindi Oddnýjar hófust líflegar umræður og margar spurningar vöknuðu. Benda má á að skýrsluna er hægt að nálgast á vef Menntamálaráðuneytisins.

Framhaldsumræður voru síðan um mikilvægi þess að fylgjast náið með tölvunotkun barna og gera foreldra meðvitaða um hættuna sem getur fylgt í kjölfarið. Segulmerki á ísskápa og merkingar aftan á mjólkurfurnur eru til umfjöllunar hjá Alfa deild. Þetta eru verkefni sem krefjast talsverðrar vinnu og undirbúnings, og merkingar á mjólkurfurnur er langtímaverkefni, biðtíminn er tvö ár. Þessi þáttur í starfi Alfa deildar verður liður í vetrardagskránni.

Jólafundurinn verður haldinn laugardaginn 11. desember klukkan 11. Hann verður haldinn heima hjá formanni. Jólafundurinn er mjög hefðbundinn og hátíðlegur. Að loknum föstum liðum hefur tíðkast að bjóða rithöfundi í heimsókn til að lesa upp úr eigin bók og síðan höfum við fengið gesti með tónlistaratriði. Snæddur er hefðbundinn jólamatur og sungin jólalög.

Árið 2005 eru ráðgerðir fundir í janúar, febrúar, mars, í apríl verður vorþingið haldið.

Fyrsti fundur nýs árs verður heimsókn í Þjóðminjasafnið og mun Þjóðminjavörður Margrét Hallgrímsdóttir taka á móti okkur, sýna safnið og kynna daglega starfsemi þess.

Á öðrum fundi nýs árs mun Marta Guðjónsdóttir varaformaður ásamt Katrínu Jakobsdóttur og Jónu Hrönn Bolladóttur kynna tvíþætt verkefni sem þær unnu saman fyrir Reykjavíkurborg og nefnist það mannréttindi og lýðræði í skólum og greiðar götur innan skólakerfisins.

Á þriðja fundinum mun Erna Árnadóttir erlendur bréfitari Alfa deildar segja frá verkefnum Íslenska lestrarfélagsins, en hún situr í stjórn þess. Félagið hefur gefið út tvo bæklinga um mikilvægi lestrar sem dreift hefur verið til foreldra. Fyrri bæklingnum, „Viltu lesa fyrir mig“, var dreift til foreldra tveggja ára barna árið 1993. Hinn heitir „Það er gaman að lesa“ og hefur honum verið dreift til foreldra 6 og 7 ára barna.

Fleiri hugmyndir eru í undirbúningi og verða þær kynntar síðar.

Fyrir hönd Alfadeildar,
Sigríður Ragna Sigurðardóttir

Auglýsing um styrk

Í boði er styrkur úr námsstyrkjasjóði Delta Kappa Gamma á Íslandi. Styrkurinn sem er að upphæð 100 þúsund krónur, er annars vegar hugsaður til að styrkja félagskonu til að fara með framlag á fund erlendis og hins vegar til að styrkja félagskonu sem er að vinna að verkefni eða rannsókn.

Umsóknareyðublað má nálgast á heimasíðu okkar: eða hjá Landssambandsstjórninni.

Umsóknir þurfa að berast Menntamálanefnd Delta Kappa Gamma á Íslandi fyrir **15. janúar 2005**, en nefndina skipa:

Anna Þóra Baldursdóttir, anna@unak.is

og Sigrún Magnúsdóttir, sigrun@unak.is, báðar í Beta-deild.

Betadeild

Vetrarstarf Betadeildar hófst með fundi stjórnar í kjölfar framkvæmdaráðsfundar landssambandsins þann 11. september. Á fundinum var fjallað um vetrarstarfið og skipulag þess í tengslum við þau viðmið sem lögð voru deildum til grundvallar á landsambandsþinginu þ.e. félagar, samskipti og útgáfa, kynningarmál, skipulag, markmið okkar og viðfangsefni. Stjórnin ákvað að binda einn fastan þátt á hverjum félagsfundi „efst í huga“ en að öðru leyti að ganga opið til fyrsta fundar og hefja hann með hópastarfi þar sem við færum í ofurlitla naflaskoðun. Félögum var ætlað að fjalla um eftirfarandi:

- Hvers vegna höfum við valið að starfa í DKG.
- Hvaða verkefni viljum við taka okkur fyrir hendur næstu tvö árin.
- Á hvern hátt getum við samræmt eigin hugmyndir um starfið markmiðum samtakanna.

Umræður urðu ánægjulegar og öflugar og niðurstöður sýndu fram á þrjá meginþræði hvað varðar viðfangsefni þ.e. að styrkja okkur sjálfar, efla samkennd og auka þekkingu okkar á grenndar-samfélaginu einkum í tengslum við störf kvenna. Skipulag vetrarstarfsins og drög að starfi næsta árs voru unnin upp úr niðurstöðum fyrsta félagsfundar. Stofnuð voru svokölluð tengslatrió; þrjár konur mynda með sér teymi. Markmið með trío er að skerpa tengsl á milli Betasystra, hlutverk þess er að halda í félagi og virkja þá, hvetja til þátttöku á fundum, skiptast á að sækja og skila heim að fundi loknum. Starfsáætlun liggur fyrir og einnig hefur verið ákveðið að stofna heimasíðu deildarinnar og verður hún formlega opnuð á jólafundu.

Á nóvemberfundi var farið á Iðnaðarsafnið á Akureyri. Þar kynntumst við eða rifjuðum upp gamlar minningar um Akureyri sem blómlegt iðnaðarsamfélag. Fundurinn hélt áfram í Lundarskóla. Selma Hauksdóttir hafði orðið undir liðnum efst í huga, hún ræddi um hugmyndir um styttingu framhaldsskólanáms í þrjú ár og hugsanlegar afleiðingar breytinganna.

Á jólafundu munum við heimsækja Punktinn - handverksmiðstöð sem upphaflega var stofnað til fyrir atvinnulaust fólk en hefur nú blómstrað í 10 ár. Nú þjónar Punkturinn öllum sem hafa áhuga á hverskyns handverki og tólmundavinnu. Unnið er í anda þeirrar hugsjónar sem lagt var upp með, þ.e. að gefa fólki möguleika á því að læra eða finna sjálft verkþætti og nýta sér þá. Fundurinn heldur síðan áfram á heimili Jóhönnu Þorsteinsdóttur, m.a. verða teknir inn nýir félagar og heimasíða Betadeildar opnuð formlega (sjá

<http://staff.unak.is/not/hh/dkg/>) og ekki má gleyma hefðbundinni jóla-máltíð.

Í janúar verður hinn hefðbundni bókafundur þar sem konur kynna áhugaverðar bækur sem þær hafa lesið. Fjöldi bóka er kynntur hverju sinni. Bókalistinn er skráður og afhentur og þannig höfum við í fórum okkar yfirlit áhugaverðra bóka sem spanna nánast allt róf bókmenntanna.

Í febrúar verðum við með leshring. Tvær bækur hafa verið valdar til lestrar þ.e. Björg eftir Sigríði Dúnu og Bóksalinn frá Kabúl eftir Ásne Seierstad. Markmiðið er hvorutveggja í senn að efla samkennd innan hópsins okkar með sterkum íslenskum konum sem og konum í öðrum menningarsamfélögum.

Marsfundurinn ber heitið konur – samskipti – tjáning. Markmiðið er sjálfstyrking. Félagar innan hópsins bera ábyrgð á framkvæmd.

Lokafundur verður með hefðbundnum hætti í maí að öðru leyti en því að hann verður ekki lokafundur. Þetta árið höfum við ákveðið að boða til áttunda fundar þann 2. júní. Þá munum við gróðursetja plöntur í svokölluðum Kvinnareit í Naustaborgum. Þann 19. júní árið 1985 gróðursettu konur fyrst í þennan reit en tilefnið þá var að 70 ár voru liðin frá því að konur höfðu öðlast kjörgengi og kosningarétt. Okkur þykir ástæða til að minnst þess að 90 ár eru liðin frá þessum merkisáfangi í sögu kvenna þrátt fyrir að dagsetningin verði sem fyrr segir 2. júní, afmælisdagur Betadeildar.

Það er ástæða til þess að vekja athygli á virkni Betadeilar í lands-sambandinu og einnig í alþjóðasamtökunum. Forseti lands-samtakanna og ritari þeirra eru félagar í Betadeild, svo er einnig um ritnefnd. Anna Þóra Baldursdóttir hefur tekið sæti í nefnd Educator's Award Committee.

Drög hafa verið lögð að starfinu veturinn 2005 – 2006. Rætt hefur verið um að hefja starfið með haustferð, þemað verður menningarsetur og kvenskáld í Eyjafirði. Við munum meta það í vor hvort áframhald verði á sérstöku verkefni í tengslum við sjálfsstyrkingu s.s. framsögn eða fundastjórnun og einnig hvort við viljum halda áfram með leshring. Einnig væntum við þess að fá að heyra frá rannsóknar- eða nýbreytnistörfum félagskvenna. Bestu kveðjur til ykkar allra.

Fyrir hönd Betadeildar
Halldóra Haraldsdóttir formaður

Gammadeild

Á undanförunum árum höfum við í Gammadeild einbeitt okkur að einu meginþema á tilteknu tímabili. Okkur hefur þótt þetta nauðsynlegt þar sem viðfangsefnið eru oftast flókin og krefjast skoðunar úr mörgum áttum. Í tíð fráfarandi stjórnar var meginþemað fjölmenningarlegt samfélag, eitt mikilvægasta málefni líðandi stundar. Ný stjórn Gammadeildar ákvað í byrjun stjórnartíðar sinnar að leggja það til að vetrarstarfið 2004-2005 yrði helgað listgreina-kennslu í skólum og var þeirri hugmynd vel tekið meðal félagskvenna.

Fyrsti fundur haustsins var haldinn í september og var farið í heimsókn í Árbæjarsafn. Þar veitti Gerður Róbertsdóttir deildarstjóri fræðsludeildar okkur innsýn í uppbyggingu safnsins, fræðsluhlutverk þess og þjónustu við grunnskóla borgarinnar og aðra notendur. Eftir heimsóknina gafst okkur færi á að heiðra Pálinu Jónsdóttur, eina af stofnfélögum deildarinnar 1977, sem varð átræð s.l. sumar.

Októberfundurinn var haldinn í heimahúsi. Þar fengum við Halldóru K. Thoroddsen rithöfund til að ræða við okkur um gildi listnáms og stöðu listgreina í skólakerfinu. Hún hafði yfirumsjón með gerð námskrár í listgreinum fyrir grunn- og framhaldsskóla sem út kom 1999 og er nú um stundir formaður samráðshóps menntamálaráðuneytisins um listuppeldi og listkennslu í leik-, grunn- og framhaldsskólum sem tók til starfa fyrr á þessu ári, en þar sitja fulltrúar hinna ýmsu listgreina, tilnefndir af Bandalagi íslenskra listamanna.

Nóvemberfundurinn er nýafstaðinn og fólst í afar áhugaverðri heim-sókn í Listaháskóla Íslands. Þar sagði Hjálmar H. Ragnarsson rektor frá ævintýralegu frumkvöðla- og uppbyggingarstarfi þau 6 ár sem skólinn hefur starfað og Arnprúður Ösp Karlsdóttir frá kennslu-réttindanámi listgreinakennara sem hún veitir forstöðu.

Að venju verður jólafundurinn vígður sönglist, ljóðlist og bókmenntum.

Eftir áramót höldum við áfram með listþemað. Við ætlum að taka einn fund í að ræða málin í hópum innbyrðis og bera að gamni okkar saman við umræðu um sama þema sem fór fram innan deildarinnar fyrir 15 árum. Við ætlum að halda einn fund með systur okkar í Etadeild. Við fögnum þar frumkvæði Etakvenna en okkur þykir fjarskalega mikilvægt að kynnast konum í öðrum deildum og þeirra störfum og höfum við kappkostað að halda fundi með öðrum deildum a.m.k. einu sinni á ári. Fleira er ekki ákveðið í vetrarstarfinu en við hlökkum til að halda landsambandsþingið hér í Reykjavík næsta vor og vinna með Alfa- og Etadeild að undir-

búningi þess. Þá er mikill hugur í félagskonum að fjölmenna á Evrópusambandsþingið í Finnlandi í ágúst 2005 og skorum við á konur í öllum deildum að láta ekki sitt eftir liggja.

Kristrún Ísaksdóttir, formaður

Aðrir í stjórn Gammadeildar 2004 – 2006 eru

Stefanía Arnórsdóttir, varaformaður
Kristín Jónsdóttir kennslukona, ritari
Ingibjörg Jónasdóttir, meðstjórnandi
Stella Guðmundsdóttir, gjaldkeri

Deltadeild

Fundur var haldinn á heimili Kristínar Thorlacius varaformanns í Borgarnesi. Mættar voru auk hennar Brynja Helgadóttir meðstjórnandi, Jónína Eiríksdóttir ritari og Soffía Sigurjónsdóttir formaður.

Eftirfarandi var ákveðið:

1. fundur – 4. nóvember 2004.

- Heimsókn í Engjaskóla í Grafarvogi. Kynning á skólanum í höndum Guðrúnar Erlu aðstoðarskólalastjóra.
- Hlýtt á erindi Guðrúnar Halldórsdóttur í Miðbæjarskóla um nám ófaglærðra og nýbúa hjá Námsflokkum Reykjavíkur.
- Matur snæddur á veitingastaðnum Asíu.
- Fremur óformlegur fundur yfir borðhaldi, vetrarstarfið kynnt.

2. fundur – 27. nóvember 2004.

Jólafundur.

Félagskonur minntar á að þessi fundur er kjörinn til að bjóða gestum með.

- Heimsókn til Páls á Húsafelli listamanns.
- Matur snæddur.
- Hefðbundin fundarstörf.
Konum bent á að lesa nýútkomna bók í þýðingu Kristínar Thorlacius „Furðulegt háttalag hunds um nótt“ fyrir næsta fund, þannig að við getum fjallað um hana þá.
- Jólátónleikar í Reykholti.

3. fundur – janúar 2005.

- Erindi Flosa Ólafssonar um nýútkomna bók sína og fleira.
- Matur snæddur og hefðbundin fundarstörf.

- Fjallað um bókina „Furðulegt háttalag hunds um nótt“ (saga einhverfs drengs).
 - Heimsókn til Hrannar Jónsdóttur listakonu á Akranesi.
4. fundur – mars 2005.
- Heimsókn í Gljúfrastein með leiðsögn.
 - Matur snæddur. Hefðbundin fundarstörf.
 - Erindi. Jensína Valdimarsdóttir fjallar um og sýnir myndir frá ferð sinni á fjallið Kilimanjaro og/eða erindi um myndlist Rósa Kristín Júlíusdóttir.

5. fundur maí 2005.

- Vorferð og menningarferð í Búðardal undir leiðsögn Þrúðar Kristjánsdóttur.

Athugið! Þetta er allt breytingum undirorpið en þó í stórum dráttum það sem áætlað er að gera í vetur.

Með kveðju,
Soffía Sigurjónsdóttir.



Af vefsíðu UNICEF

Menntun er nauðsynleg svo að tryggja megi öllum börnum betri lífsgæði og búa mannfólkinu betri heim. Ef stúlkum er ekki boðið upp á menntun er aldrei hægt að ná þessum markmiðum.

Í fjölmörgum löndum hefur menntun stúlkna haft mikil áhrif á samfélagið og stuðlað að jákvæðum breytingum sem skila sér áfram til komandi kynslóða.

Menntuð stúlka hefur tilhneigingu til að giftast seinna og eignast færri börn en stúlka sem ekki hefur menntast. Börnin sem hún eignast eru svo aftur líklegri til að lifa af, þau fá betri næringu og betri menntun. Stúlkann fær betri laun á vinnumarkaðnum og verður afkastameiri á heimilinu. Hún mun verða betur í stakk búin til að vernda sjálfa sig gegn HIV/eyðni og taka virkari þátt í félagslegum, efnahagslegum og stjórnmálalegum ákvarðanatökum.

Markmið UNICEF er að fleiri stúlkur hefji skólagöngu, tryggja að þær haldi skólagöngunni áfram og að þær fái þá undirstöðumenntun sem þarf til að ná árangri síðar á lífsleiðinni. UNICEF vinnur markvisst að því að tryggja öllum börnum, drengjum sem stúlkum, rétt til menntunar. Liður í því er sérstakt átak (acceleration strategy) sem á að ýta undir að stúlkur innritist í skóla í 25 völdum löndum á tímabilinu 2002-2005. (<http://www.unicef.is>)

Epsilondeild

Epsilondeild lauk vetrarstarfi sínu s.l. vor með heimsókn í Alþingis-húsið. Þar tók Hildur Gróa Gunnarsdóttir á móti okkur. Hún fræddi okkur um starfsemina og fór með okkur um húsið, auk þess sem við settumst smástund á þingpalla og hlýddum á snarpar umræður þingmanna um fjölmiðlamálið sem þá var í brennidepli. Á eftir hittum við svo Drífu Hjartardóttur þingmann Suðurlands og forvitnuðumst um störf hennar. Að þessu loknu fórum við í Lækjarbrekku og fengum þar til afnota s.k. forsetaherbergi. Þar nutum við góðra veitinga og áttum notalega stund saman í tilefni af 15 ára afmæli deildarinnar og 75 afmæli samtakanna. Skemmtilegt var einnig að tvær af systur okkar sem fluttst hafa til Reykjavíkur sáu sér fært að heilsa aðeins uppá okkur og urðu þar fagnaðarfundir.

Vetrarstarf nýkjörinnar stjórnar hófst með stjórnarfundi í september þar sem lagðar voru línurnar fyrir starfsárið 2004-2005. Þar ræddum við líka um það hvernig við getum mögulega eftt starf deildarinnar og fjölgað félögum.

Fyrsti fundurinn var ferð á hið nýendurgerða Þjóðminjasafn okkar Íslendinga. Þangað stefndum við í skugga verkfalls kennara laugar-daginn 16. okt. s.l. Við fengum mjög góða leiðsögn um sýningar-salina og undruðumst öll þau tækniundur sem í boði eru til að gera sýninguna meira lifandi í nútímaþjóðfélagi. Þarna var margt fróðlegt bæði að sjá og heyra, þótt ýmsar söknuðu einstakra sýningagripa af gamla safninu. Eftir skoðunarferðina settumst við niður í veitingasal safnsins og fengum okkur hressingu.

Næsta fund deildarinnar ætlum við að halda með því að skoða Handverkshúsið á Hellu fimmtudaginn 18. nóvember n.k. Þar hefur stórhuga kona breytt gömlu húsi í miðstöð fyrir ýmiskonar handverk. Að þessari heimsókn lokinni ætlum við að borða saman léttan kvöldverð og ræða vetrarstarfið á fundi í Hestheimum.

Þriðjudaginn 11. janúar ætlum við að hafa bókafund á Selfossi. Bókafundurinn okkar hefur skapað sér fastan sess í vetrarstarfi deildarinnar og alltaf þótt mjög gefandi. Þá rýnum við í og miðlum hvor annarri fróðleik og skemmtun úr uppáhaldsbókum okkar.

Laugardaginn 5. mars ætlum við að fræðast um nýsköpun og handverk. Sá fundur verður haldinn að Hótel Freyju í Gnúpverjahreppi. Þar munu fyrirlesarar segja okkur frá ýmsu varðandi hugvit og nýsköpun ásamt því hvernig hlutirnir ganga fyrir sig þegar að framkvæmd kemur. Einnig ætlum við að borða saman léttan hádegis-verð og skoða nýja hótelið í Minni Mástungu.

Í apríl stefnum við á að fjölmenna á Landssambandsþing DKG til Reykjavíkur og síðasta fund deildarinnar ætlum við svo að halda í maí/júní en fundarefni hans liggur ekki allveg ljóst fyrir ennþá.

Sú hefð hefur skapast á fundum Epsilondeildar að hafa þar alltaf orð til umhugsunar. Þá miðlar ein félagskona einhverju sem hún vill deila með öðrum systur. Einnig höfum við hrundið af stað happdrætti „að hætti Delta deildar“ í fundarlok svo deildin okkar geti haft smá fjármagni úr að spila til að greiða kostnað er til fellur. Það er samdóma álit okkar sem störfum í Epsilon deildinni að þessi félagsskapur innan DKG og sá kærleikur sem ríkir á meðal okkar systra sé mjög eftirsóknarverður.

Elinborg Sigurðardóttir
formaður Epsilondeildar.



Af vefsíðu UNICEF

Áætlanir UNICEF um að styðja aðgang og auka fjölda stúlkna í skólakerfinu eru aðlagðar að aðstæðum í hverju landi. Íhlutanir UNICEF í mismunandi löndum er meðal annars innihalda oft eftirfarandi atriði:

- Reynt er að ná til stúlkna sem hafa verið undanskildar skólagöngu og/eða eru í hættu og þær innritaðar í skóla;
- Stuðning og faglega hjálp til ríkisstjórna og samfélaga svo hægt sé að auka aðgang að menntun fyrir þau börn sem er erfiðast að ná til og þjást mest af mismunun;
- Áætlanir um að útrýma menningarlegum, félagslegum og efnahagslegum hindrunum í menntun stúlkna;
- Stuðning við þróun og framkvæmd sérstakra aðgerða
- til að minnka kynjamuninn, um leið og almennar innritanir og aðsókn í skóla er aukin;
- Aðstoð við að undirbúa og bregðast við deilum og öðrum hættum svo réttindi barna til grunnmenntunar verði uppfyllt í öruggu, stöðugu og kynjavinsamlegu umhverfi;
- Að stuðla að auknum gæðum menntunar sem aðferð til þess að hvetja til aukinnar innritunar nemenda. (<http://www.unicef.is>)

Etadeild

Á aðalfundi Etadeildar s.l. vor tóku eftirfarandi konur sæti í stjórn:

Gerður Guðmundsdóttir, formaður
Rannveig Lund, varaformaður
Kristín Ágústa Ólafsdóttir, gjaldkeri
Ósa Knútsdóttir, ritari

Á aðalfundinum var samþykkt að vinna að þremur málefnum á komandi misserum:

- að kynnast hver annarri betur,
- leiðtogar í fræðslumálum,
- listir í skólastarfi.

Í vetur eru fyrirhugaðir sex fundir og hafa tveir verið haldnir þegar þessi pistill er skrifaður. Fyrsti fundurinn var haldinn 30. september á veitingastaðnum Horninu við Hafnarstræti. Þá fór fram inntaka þriggja nýrra félaga, þeirra Kirstenar Friðriksdóttur, Kristínar Steinarsdóttur og Valborgar Jóhannsdóttur. Rósa K. Júlíusdóttir, forseti landssamtakanna var gestur okkar og stýrði athöfninni ásamt Gerði. Var athöfnin hin hátíðlegasta. Að henni lokinni var snæddur léttur kvöldverður. Síðan flutti Anna Flosadóttir deildarstjóri í móðurskóla list- og verkgreina í Reykjavík, Hlíðaskóla, afar fróðlegt erindi um þróunarstarfið.

Annar fundur vetrarins var haldinn 1. nóvember í húsakynnum Reykjavíkurakademiunnar, að Hringbraut 121 í Reykjavík. Rannveig Lund, sem starfar í akademíunni byrjaði á að fræða fundarkonur um sögu JL-hússins og ganga með okkur um salarkynni akademíunnar. Húsið hefur hýst bæði verslunar- og menningarstarfsemi og rakti Rannveig nokkur dæmi, s.s. múrsteinagerð, húsgagnaverslun, slöngusýningu og Gagnfræðaskóla Vesturbæjar.

Sigrún Jóhannesdóttir menntaráðgjafi fræddi okkur um hugmyndir sem svonefndur leiðtogaígull byggir á. Var umfjöllun hennar fróðleg og gagnleg og má nýta ýmsar hugmyndanna bæði í leik og starfi. Einnig lét Sigrún okkur leysa skemmtileg verkefni sem reyndu á leiðtogahefuleika. Veitingar voru að þessu sinni meðlæti sem nokkrar konur höfðu komið með og var það ekki af verri endanum.

Þriðji fundurinn verður jólafundur, haldinn í byrjun desember. Að venju verður borðaður jólamatur og rithöfundur boðið að kynna verk sitt.

Eftir áramótin er ráðgert að halda tvo fundi. Þar sem ekki er þörf á að halda aðalfund í vor, er ætlunin að gera eitthvað skemmtilegt saman og kveðja þar með vetur og fagna sumri.

Frá Gerði Guðmundsdóttur

Þetadeild

Stjórn Þetadeildar árið 2004-2005
Sóley Halla Þórhallsdóttir, formaður
Elín Rut Ólafsdóttir, ritari
Auður Vilhelmsdóttir
Elínborg Sigurðardóttir
Guðbjörg Sveinsdóttir, gjaldkeri

Starfsár Þetadeildar hófst í október en 6 fundir eru fyrirhugaðir á starfsárinu.

Við höfum ákveðið að beina athyglinni í vetur sérstaklega að list og verkgreinum.

Fyrirkomulag á vetrarstarfinu er þannig að konum er skipt í hópa og sér hver hópur um efni fundarins og staðsetningu. Flesta fundi höldum við á okkar vinnustöðum en einnig höfum við nýtt annað húsnæði ef það hentar betur.

Fyrsti fundurinn var haldinn í Kjarna, húsnæði Fræðsluskrifstofu Reykjanesbæjar. Þar var vetrardagskráin kynnt og Guðbjörg Sveinsdóttir rekstrarfulltrúi sagði okkur frá starfi sínu á Fræðsluskrifstofunni. Var það mjög áhugavert og greinilegt að á Fræðsluskrifstofu Reykjanesbæjar er í mörg horn að líta.

Annar fundurinn var haldinn 3. nóvember á Bókasafni Reykjanesbæjar. Gestur fundarins var Rósa K. Júlíusdóttir forseti Landsambandsins. Sagði hún okkur m.a. frá starfi sínu og aðdraganda þess að hún ákvað að sinna kennslufræðilegum þætti myndlistar. Var erindi hennar mjög áhugavert og vakti til umhugsunar um mikilvægi myndlistarkennslu í skólum.

Næsti fundur verður haldinn í desember og verður væntanlega með jólaívaði. Í janúar höfum við haft bókafund en þá segja konur frá bókum sem þær hafa nýlega lesið og vilja vekja áhuga á. eru þetta ævinlega mjög skemmtilegir fundir.

Fimmti fundurinn verður haldinn í febrúar og síðasti fundur starfsársins í apríl.

Á fyrsta fundi voru konur spurðar hvort þær væru til í að leggja land undir fót og halda einn fund t.d. í á höfuðborgarsvæðinu. Konur tóku vel í þá hugmynd þannig að líklega höldum við einn fund eftir áramót annars staðar en í heimabyggð.

Konur í þetadeild eru áhugasamar og tilbúnar til að efla starfið í deildinni.

Bestu kveðjur
Sóley Halla Þórhallsdóttir

Jótadeild

Félagshandlingur Jótadeilda á Vestfirðum veturinn 2004-2005 verða haldnir á mánuðögum, að jafnaði síðasta mánuðag í mánuði.

Aðalverkefni vetrarins verður að félagskonur kynnist hver annari, áhugamállum og viðfangsefnum, sem eru afar fjölbreytt og dík. Heimsóttar verða nokkrar fræðslustofnanir, þar sem félagskonur starfa og starfsemi þeirra kynnt. Þá verður sjónum sérstaklega beint að möguleikum Vestfirðinga til háskólanáms á heimslóð, m.a. með heimsókn í Fræðslumiðstöð Vestfirða.

Fyrsti félagshandlingur Jótadeilda var haldinn mánudaginn 11. október í Grunnskólanum í Bolungarvík. Fundurinn var vel sóttur og mjög líflægur bót hann væri haldinn í skugga verkfalls grunnskólakennara. Kristín Ósk Jónasdóttir skólastjóri Grunnskólans í Bolungarvík flutti orð til umhugsunar og gekk síðan með fundargestum um skólahúsið og kynnti starfsemi skólans. Bókasafn Bolungarvíkur sem staðsett er í skólahúsinu var einnig skoðað. Þá var borin fram ljúffeng súpa að hætti bolvískra kvenna og síðan kynntu félagskonur sig og sögðu frá áhugamálum sínum og helstu viðfangsefnum. Inntaka eins stofnfélaga fór fram á fundinum og gekk stórsýsalausti.

Næsti fundur deildarinnar verður í hinu nýppgerða og glæsilega Safnahúsi á Ísafirði mánudaginn 29. nóvember og hefst kl. 19:00. Jólín verða aðalstef þess fundar. Jólásýning Safnahússins verður skoðuð og Jóna Simónía Bjarnadóttir skjalavörður fjallar um íslenskar jólahæfir að fornu og nýju. Þá mun Edda Björg Kristmundsdóttir bókavörður sýna félagskonum húsið og kynna starfsemi þess. Léttar veitingar verða bornar fram.

Fundir eftir áramót:

Mánudaginn 31. janúar kl. 18:00: Jólábækkurnar verða aðalafni fundarins

Mánudaginn 28. febrúar kl. 18:00: Háskólanám á Vestfirðum
Mánudaginn 25. apríl: Óvissufundur

Dr. Ólína Þorvarðardóttir skólameistari

Menntaskólinn á Ísafirði og hlutverk hans í héraði.

Hvað er skóli – og hvert er hlutverk hans í samfélagi? Skóli er eins og hjarta sem dregur til sín blóð, mettar það súrefni og dællir því síðan út aftur til lífæða líkamans. Þegar um er að ræða framhaldsskóla á borð við Menntaskólann á Ísafirði – sem er eini framhaldsskólinn á Vestfirðum – verður samfélagslegt hlutverk hans mun brynna en ella. Hann dregur að sér efnivið úr grunnstigum skólakerfisins. Eftir þá meðhöndlun sem mentun nemenda felur í sér og líkja má við súrefnismettun er þessum efniviði aftur veitt út í lífæðar samfélag-sins, atvinnulíf þess og menningu.



Námframboð Menntaskólans

Við Menntaskólann á Ísafirði eru nú 430 nemendur, en voru 351 nemandi haustið 2001 og nemur fjölgun skólans u.þ.b. þriðjungt á þremur árum. Í dagsskóla eru nú 349 nemendur en 83 í kvöldskóla. Flestir stunda nám á bóknamsbrautum skólans, eða um 77% nemenda, en um 18% nemenda eru í verknaði.

Bóknamsbrautir skólans eru **félagfræðibraut** og **náttúrufræðibraut**. Félagfræðibraut er með verslunarkjörsvið og tónlistarkjörsvið. Báðar eru námsbrautirnar undirbúningur til háskólanáms, auk þess sem verslunarkjörsvið veitir starfsréttindi í forni verslunarprófs. Auk þessara brauta er í samræmi við aðalnámskrá boðið upp á starfsbrautir fyrir fátalaða nemendur og almenna braut til að veita nemendum almennan undirbúning undir frekara nám og eða störf á vinnumarkaði án réttinda.

Starfstengdar brautir eru nokkrar við skólann. Nám á **sjúkra-liðabraut** veitir réttindi til löggildingar starfsneitis og að loknu sjúkraliðaprófi eiga nemendur kost á að ljúka námi til stúdentsprófs. Þeir nemendur sem ljúka námi á **viðskiptabraut** útskrifast með verslunarpróf sem veitir rétt til verslunarleyfis.

Vélstjórnarbraut 1. og 2. stígs er verklegt nám, ætlað nemendum með grunnskólapróf eða sem náð hafa 18 ára aldri. Sá sem ljúkur við þessa vélstjórnarréttindi á skipi með allt að 750 kw vél. Skólinn býður upp á grunnnám í byggingargreinum og **samningsbundnið iðnnám í húsasmiði** sem gerir nemendum kleift að öðlast þá leikni og fagþekkingu sem krafist er til sveinsprófs, að loknum tilskildum einingafjölda og starfsþjálfun. Við MÍ geta nemendur tekið fyrri og síðari hluta náms í **málmíðngreinum**. Í fyrri hlutanum (sem fer saman með grunndeild bíliðna) er veitt fagleg undirstöðumentun til

að geta tekið á við nám í þeim sérgreinum málmíðna sem kenndar eru til sveinsprófs í síðari hlutanum.

Auk þess sem nú er talið hefur skólinn heimild til að kenna rafeinda-virkjun og samningubundið iðnnám í rafvirkjun auk þess að bjóða nám á sjávarútvegsbraut sem veitir svokallað „pungapróf“ með bóklegum greinum. Þetta nám er á skrá en ekki kennt við skólann sem stendur.

Allar velta grunneldirnar almenna undirbúningsmenntun á viðkomandi fagsviði sem nýtist nemendum til frekara réttindanáms. Skólinn hefur nú sótt um það til mentamálaráðuneytisins að setja upp fullburðuga **húsaamiðbraut** sem muni útskrifa nemendur með sveinspróf.

Undirbúningsbrautir

Við Mentaskólann á Ísafirði er starfrækt svokölluð „almenn námsbraut“ sem ætluð er þeim ungmennum sem annaðhvort eru óráðin um námsval eða uppfylla ekki öll inntökuskilyrði inn á bóknamsbrautir til stúdentsprófs. Hluti þessa náms er sérstaklega ætlaður **nybúum** og er sú kennsla boðin fram í kvöldskóla. Þá er einnig boðið upp á nám fyrir **félagsliða**, svokölluð „félagsliðabru“ sem veitir bóklega kennslu ófaglærðu starfsfólki í umönnunar og félagsstörfum.

Aðsókn á verknamsbrautir hefur undanfarin ár verið mun minni en á bóknamsbrautirnar. Á fyrststandandi skólaári lætur næri að nemendur í Verknámi séu rétt innan við þriðjungur nemenda í menntaskólanum.

Þessi áhersla á bóknaði er umhugsunar-efni, því það vill stundum gleymast að það er fleira menntun en bóknað. Verknám er



Byggingar Mentaskólans á Ísafirði

menntun – og það farsæl menntun oft á tíðum. Mentaskólinn á Ísafirði hefur fram að bjóða frábæra aðstöðu til verknáms sem hefur verið komið upp með ærnum tilkostnaði. Það grefur hinsvegar undan aðsókninni að enn hefur skólinn ekki fengið heimildir til þess að útskrifa verknefna með sveinspróf.

Vinnuafli eða þekkingarveita

Það má með vissum rétti segja að skólar framleiði vinnuafli fyrir sitt samfélag, og sumir halda því fram að það sé hlutverk landsbyggða-skóla að framleiða vinnuafli fyrir sitt hérað. En skólinn er ekki bara framleiðslufyrirtæki, hann er „veita“ í sama skilningi og vatnsveita

eða rafveita. Hann skapar ekki bara vinnuafli, heldur þarf hann líka á vinnuafli og sérþekkingu að halda. Hér á svæðinu er verkþekking og sérkunnátta og sú kunnátta þarf að komast til skila – til nemenda skólans, og þaðan aftur út í atvinnulífið. Ekki bara hér á Vestfjörðum heldur um land allt.

Því má með rökum halda fram að Ísland eigi, vegna sérstöðu sinnar og sérþekkingar í sjávarútvegi, að vera ráðgefandi á heimsmeil-kvarða í vöru- og vinnslubröun sjávarútvegs. Á sama hátt ættu Vestfirðir að geta verið Mekka landsmanna í ýmsu sem lýtur að sérstökum aðstæðum hér, til dæmis í sjávarútvegi, ferðaíðnaði og menningartengdri starfsemi af ýmsu tagi.

Mentaskólinn skapar atvinnu, hann viðheldur tengslum úti í atvinnulífið með samningnum um verknám, stundakennslu o.p.h., og hann veitir menntuðu vinnuafli aftur út í samfélagið – það er að segja ef allt væri nú eins og til er ætlast. Hinsvegar vitum við að á þessu hefur orðið misbrestur. Þeir sem fara héðan af svæðinu, til að afa sér menntunar í Reykjavík, eða erlendis, skila sér illa til baka. Hvað veidur?

Týnda hjörðin

Fyrir fáum árum kom út skýrsla sem Ólafur Örn Eiríksson vann fyrir Atvinnubrúnaðarfélagið og Svæðisvinnumiðlun Vestfjarða og nefnist



Frá árlegri róðrarkeppni MÍ í haust

Börninn heim. Um var að ræða könnun meðal brott fluttra Vestfirðinga sem útskrifuðust úr grunn-skólum á norðanverðum Vestfjörðum á árunum 1980-1995. Þar kom fram að flestir þeir sem flutt hafa héðan hafa jákvætt viðhorf til Vestfjarða en hinsvegar takmarkaða trú á jákvæðri byggðabruðun hér. Um helmingur svarenda hafði áhuga á að búa og starfa á Vestfjörðum, einkum á sviði þjónustu ef eftirsóknarverð störf byðust. Flestir þeirra töldu að fjölbreytni í atvinnulífi muni heist styrkja byggð hér vestra, en margir nefna einnig **öflugt skólastarf og gæði í framhaldsnámi**. Um 96% svarenda nefndu að framboð og gæði náms á framhaldsskólastigi væri veigamikill þáttur. Bættar samgöngur og bjartsýnna viðhorf Vestfirðinga sjálfra til heima-byggðarinnar voru einnig nefnd sem veigamikill atriði. Síðast en ekki síst nefndu margir að hér þyrfti að efla:

- o frumkvæði og framsækni til nýrra hluta
- o hugmyndauðgi og kraftmikið fólk
- o fjölbreytt atvinnulíf
- o jákvæðari umræðu meðal Vestfirðinga sjálfa

Þessi hópur sem við getum kallað týndu hjörðina, er að stærstum hluta fjölskyldufólk með börn; fólk með meðaltekjur og þar undir, með áhuga á íþróttum og útivist. Það segir sig nokkurn veginn sjálft, að það eru einkum fjölskylduvænt umhverfi, góðir skólar og fjölbreytt atvinnutækifæri sem höfða til þessa hóps. Ef við athugum nánar hvað það var sem svarendur töldu æskileg skilyrði fyrir endurkomu sinni hingað til Vestfjarða, kemur fjótt í ljós að það eru einmitt þættir sem svæðið hefur upp á að bjóða. Nefnilega:

- o fallett umhverfi
- o barnvænt umhverfi
- o fjölbreytt atvinnulíf
- o góðir skólar

Af þessu má ljóst vera að í hinni hörðu samkeppni Vestfjarða við höfuðborgarsvæðið um mannafla gegnir Menntaskólinn á Ísafirði lykilhlutverk: Öflugur menntaskóli stuðlar að **hugmyndauðgi** og ýtir undir **frumkvæði** og **framsækni**, en einmitt frumkvæði og hugmyndauðgi eru forsendur okkar fyrir **fjölbreyttu atvinnulífi**, **verkgleði** og **jákvæðni** sem öllum byggðum er nauðsynleg, elgi þær að komast af.



Harðis Ingvarsdóttir dósent í uppeldis- og menntunarfræði við félagsvísindadeild Háskóla Íslands

Rannsókn með kennurum í þágu kennara



Í maí 2003 varði ég doktorsritgerð mína um starfskenningar íslenskra framhaldsskólakennara við háskólann í Reading á Bretlandi. Ég átti þá að baki langan starfsferil sem kennari í grunn- og framhaldsskóla en harði starfað við kennara-menntun í um áratug. Mér var því efst í huga að gera rannsókn sem nýttist í starfi mínu með kennaranemum en ekki síður að gera rannsókn sem væri í þágu kennara. Markmið rannsóknarinnar var fjórþætt:

- o að auka skilning kennara á sjálfum sér og starfi sínu
- o að veita innsýn inn í starfskenningar kennara og auka með því skilning okkar á hvernig starfskenningar kennarans hafa áhrif á starf hans með nemendum
- o að fá innsýn inn í hvernig kennarar telja að starfskenningar þeirra hafi mótast
- o að gera starf kennarans sýnilegra með því að láta raddir hans /hennar heyrast.

Þekking okkar á kennurum hefur einkum komið utanfrá og hefir því takmarkast við það sjónarhorn (Cochran-Smith og Lytle, 1993; Hunt, 1987). Þetta hefur gert það að verkum að við höfum lítið fengið að heyra í kennurum sjálfum og sjónarmiðum þeirra. Einn meginhvati þessarar rannsóknar var að bæta úr þessu og láta rödd hins íslenska framhaldsskólakennara heyrast. Undanfarna tvo áratugi hefur skilningur rannsóknarsamfélagsins vaxið á hve mikilvægt sé að þekking á kennarastarfinu komi innanfrá. Einkum á þetta við meðal rannsakenda sem tilheyra svonefndri 'Teacher Thinking' hreyfingu (Pope, 1993; Elbaz, 1990; Day, Pope, and Denticolo, 1990). Það er sameiginlegur skilningur þessara fræðimanna að til að skilja kennarastarfið og geta stutt kennara í starfi sé mikilvægt að rannsakendur hlusti á rödd hins einstaka kennara og sæki hann heim á vettvang og kynnist starfsumhverfi hans. Þessi rannsókn var gerð með þessa hugsun að leiðarljósi.

Rannsóknin tilheyrir þeirri kenningarhefð sem nefnd hefur verið 'constructivism', stundum nefnt hugsmiðahygja á íslensku. Samkvæmt henni er lítið á kennara sem elgin kennismíði sem myndu kenningar sínar vegna áhrifa m.a. frá lífssögu sinni og því félagslega umhverfi sem þeir búa í (Kelly, 1955). Elbaz (1990) hefur haldið því fram að orðræðan um rannsóknir á hugsun kennara falli í raun í þrjá meginfarvegi. Þann fyrsta nefnir hún *rödd*, hugtak sem er notað í æ ríkara mæli í tengslum við auknið vald og frelsi

einstaklingsins til sjálfstæðra ákvarðana og áhrifa á eigið líf og starf (empowerment). Annar er löngunin til að skilja hvað feist í göðri kennslu og átta sig á hvað er svo sérstakt í hinu hversdagslega, vinnu kennara frá degi til dags. Síðasti þátturinn er *sagan* sem er það tæki sem nota má til að segja frá kenningum og starfi kennara á sem sannverðugastan hátt með því að láta þeirra eigin rödd heyrast. Í þessari rannsókn var unnið með alla þessa þætti. Við höfum ekki heyrð raddir kennara í hefðbundnum rannsóknum á þeim og skilningur okkar á kennarastarfinu mun ekki dýpka nema okkur takist að setja fram viðhorf kennara með þeirra eigin orðum, skilja hvað það er að vera kennari frá sjónarhóli hins starfandi kennara. Þegar árið 1984 bentu Haikes og Olson á hversu örökrett það væri að hafa ekki gert rannsóknir af þessu tagi, þegar við hugsum til þess að burt séð frá öllum reglugerðum og námskrám er það „*hin persónulega, skólatengda þekking kennarans sem ákveður að mestu leyti hvað gerist í kennslustofunni*“ (Haikes, Olson, 1984, bls.1). Fræðilegur bakgrunnur rannsóknarinnar sem og aðferða-fræðin er byggð á kenningum Georg Kelly (1955) um persónubundna hugsun (personal construct) en samkvæmt kenningu hans má líta á kennara/manneskjur sem sína eigin kenningsmíði. Þeir smíða sér stöðugt nýjar kenningar út frá þeim áhrifum sem þeir verða fyrir. Líkingin sem hann setur fram sem grunnhugmynd er: manneskjan er vísindamaður. Sérhver kennari byr þannig yfir persónulegum kenningum um kennarastarfið, starfskenningu, sem stýrir hvernig hann vinnur þetta starf.

Hugtakið **starfskenning** er lykilhugtak í þessari rannsókn. Ýmsar skilgreiningar hafa verið settar fram um starfskenningar kennara (sjá t.d. Sigrún Aðalbjarnardóttir, 1999; Carr, 1989; Kelchterman, 1993). Hér var stuðst við skilgreiningu Handal og Lauvås (1987) en þeir skilgreina starfskenningu sem persónulegt, síbreytilegt kerfi kenninga sem tengist starfi kennarans á hverjum gefnum tíma byggt á þekkingu, reynslu og síðferðilegum glíðum kennarans. Þessi starfskenning er í sífelldri mótun og endurskoðun öll starfsár kennarans.

Þáttakendur og aðferðafræði

Í rannsókninni var sjónum í fyrstunni beint að starfskenningum enskukennarans og reynt að skilja hvernig þær mótuðust og hvernig þær hefðu áhrif á starf hans. En auk enskukennara var gögnum einnig safnað meðal raungreihnakennara sem gaf viðari og dýpri sýn á kennarastarfið en ef aðeins kennarar úr einni grein hefðu tekið þátt í rannsókninni. Það eru nýmæli innan þessarar rannsóknarhefðar að beina samtímis sjónum að þessum ólíku greinum og spegla þær í ljósi hvor annarrar.

Þáttakendur í rannsókninni voru sem sagt 10 enskukennarar og 5 eðlis- og efnafræðikennarar sem allir kendu við framhaldsskóla á Íslandi, bæði við fjölbrautaskóla og hefðbundna menntaskóla. Kennararnir voru á misjöfnum aldri og með mjög misjafna reynslu frá tveimur árum upp í 36 ár. Flestir störfuðu á höfuðborgarsvæðinu en nokkrir úti á landi. Notuð var lífssöguleg nálgun þ.e. kennarar voru beðnir að draga upp lífssögu sína sem fljót og táknaði hver bugða atburði sem höfðu haft áhrif á lífshlaup þeirra. Viðtölin voru byggð á þessum lífsfljótum og vettvangsathugunum. Aftað var margþættra gagna, því auk viðtala og vettvangsathugana voru myndbandsupptökur notaðar til greiningar kennara á eigin kennslu auk ýmissa skriflegra gagna skólans sem endurspegluðu áherslur skólanna og skólamenninguna. Það er einnig nýlunda að fletta þessar aðferðir saman við rannsóknir á hugmyndum kennara. Þungamiðja ritgerðarinnar eru lífssögur 15 framhaldsskólakennara ásamt lýsingu á kennsluháttum þeirra og samskiptum við nemendur.

Niðurstöður

Niðurstöður rannsóknarinnar voru margþætta og þótt þær hafi ekki alhæfingargildi þar sem um var að ræða 15 kennara úr 12 skólum veita þær mikilvæga innsýn inn í starf framhaldsskólakennara og auka verulega skilning á því starfi. Erftit er að gera þeim skil í stutttri grein en draga má meginniðurstöður rannsóknarinnar saman í þrjár viddir: Mannleg tengsl, faggreinin og vidd sem lýtur að að vexti kennara í starfi.

Mannleg tengsl:

Tengsl við nemendur: Kennarar láta í ljósi mikla þörf fyrir að mynda samband eða tengsl við nemendur sem byggist á *trausti* og *gagnkvæmri virðingu*. Þeir telja þessi tengsl vera forsendu árangurs í starfi og skera úr um hvort þeir verði farsælir kennarar. Þetta er starfskenning sem þeir eiga allir sameiginlega. Ingi segir: „Það er nauðsynlegt að skapa gott andrúmsloft í þekknun og hafa nemendur með sér. Það þýðir ekkert að vera með hótanir. Þú kemur ekki þannig fram við þau, þá bara missir þú þau. Þau hæta að mæta eða þau mæta kannski en þau eru ekki með þér í lífi“.

Af þessu leiðir að kennarar telja að nemendur hafi sterk áhrif á myndun starfskenninga þeirra.

Tengsl við samkennd: Mikilvægt virðist fyrir velferð kennara í starfi að hafa tækifæri til ræða við samkenndara um þyðingarmikil atvik sem upp koma í kennslu og eiga það sem ég nefni *bandamann*. Milli bandamanna ríkir gagnkvæmt traust og þeir styðja hver annan í starfi og þeir geta líka tekist á. Edda segir: „Þetta [samráð við félagar] finnst mér mikilvægt. Að koma með þínar eigin hugmyndir, hlusta á aðra og fá kannski við það nýjar hugmyndir“ og

hún bætur við: „til að þér líði vel í kennarastarfinu verður þú að geta rætt um kennslu, ekki endilega að vera sammála en þú veist...“

Tækifæri til sílks samstarfs virðast tilviljunarkennd meðal þessara kennara og skólastjórnendur virðast ekki átta sig á mikilvægi þeirra og húa ekki nægjanlega að sílstri samvinnu.

Greinin

Tilfinningatengsl: Kennslugreinin mótar starf framhaldsskólakennara á mikilvægum sviðum. Kennararnir hafa myndað 'tilfinningatengsl' við fræðigrein sína og þær tilfinningar hafa áhrif á hvernig kennarar hugsa um greinina og þar af leiðandi hvernig þeir kenna hana. Þetta kemur m.a. fram í orðavali þeirra þegar þeir lýsa greininni: „*Félisfræði er svo heillandi grein*“. „*Eg værd bara ástfanginn af enskunn*“. Þeir virðast einnig kenna á fjölbreyttari/hugmyndaríkari hátt greinar sem þeir hafa kosið að kenna en greinar sem þeim er gert að kenna þótt þeir hafi til þess næga fagþekkingu (svo sem eðlisfræðingar sem eru að kenna stærðfræði). „*Það er allt annað með stærðfræðina þar er ekki hægt að ná upp svona stemningu*“. Kennararnir telja að raungreinakennsla þúi við marghátuð vanda-mál sem í flestum tilfellum er ekki á valdi einstakra kennara að leysa svo sem alvarlegan kennaraskort og námsefnisvanda. Í þessu efni skilur verulega með greinunum.

Verkmenning: Þeir tveir hópar kennara sem tóku þátt í þessari rannsókn þ.e. enskukennarar og raungreinakennarar hafa þróað með sér ólíka verkmenningu sem hefur áhrif á samstarf þeirra við starfsfélagi sem stígan hefur áhrif á hvernig þeir vaxa í starfi. Raun-greinakennarar kenna mjög mikið sem hefur áhrif á bæði samvinnu þeirra og kennsluhætti. „*Maður er oft að velta fyrir sér hvað maður ætti að gera en það er ekki endilega það sem maður gerir svo. Af því að það sem maður ætti að gera og það sem manni finnst að maður ætti að láta nemendur gera útheimtir gríðarlega vinnu*“. Og til þess skortir tíma.

Álag enskukennara birtist mest í því mikla aðhaldi sem þeir telja sig þurfa að veita af því að enska sé svo mikilvæg fyrir nemendur. Þeir eru því sífellt með kannanir og próf og að fara yfir vinnu nemenda. Samvinna enskukennara virðist vera nokkuð annars eðlis og nánari en meðal raungreinakennara þótt á því séu undantekningar. Ensku-kennarar ræða meira um kennsluna, einkum kennsluáferðir. Fag-múrararnir virðast mjög þykkir og menn úr ólíkum greinum hafa ekki samvinnu um kennsluna svo sem þegar nemendur í efnifræði eru að lesa kennslubækur á ensku.

Að vaxa í starfi

Starfskenningar kennaranna stýra hegðun og vinnu kennara í kennslustofunni án þess að kennarar séu alltaf meðvitaðir um þessa starfskenningu. Því er mikilvæg forsenda þess að kennarar vaxi í

starfi að þeir fái tækifæri til að ræða starfskenningar sínar þegar í grunnmenntun kennara og að unnið sé með þær í símenntun þeirra. Nokkrar vísbendingar voru um að fyrsta árið í kennslu geti verið afdrifarikt og fæli kennara frá ef ekki er hiúð að þeim og samstarfs-fólk sýnir þeim ekki virðingu. Ef nýjum kennurum er hins vegar sýnd virðing, stuðningur og umhyggja örvar það áhuga og ýtir undir framfarir í starfi.

Endurmenntun virðist vera áhrifalítil eins og hún hefur tíðkast og þessir kennarar skynja ekki að hún hafi haft mjög mótandi áhrif á þróun starfskenninga þeirra og þar með kennslu þeirra.


Lokaorð

Stíklæð hefur verið á stóru um niðurstöðurnar í þessari grein en þar er að finna vísbendingar sem hafa glídi fyrir kennara, skóla-stjórnendur og þá sem starfa að kennaramenntun svo og þá sem ráða ferðinni í menntamálum. Niðurstöðurnar veita mikilvæga inn-sýn inn í og auka skilning á starfi íslenskra framhaldsskólakennara. Í ritgerðinni er bent á ýmsar leiðir til úrbóta hvernig megi styðja kennara til að vaxa í starfi, bæta skólamentninguna og efla bæði grunn- og endurmenntun kennara. Að lokum langar mig að færa innleggar þakkir kennurinum sem opnuðu skólistofur sínar fyrir mér og eyddu ómældum tíma í að deila hugmyndum sínum með mér.

Heimildaskrá

- Carr, W. (1989). Introduction to understanding quality in teaching. Í W. Carr (ritstj.) *Quality in Teaching: Arguments for reflective profession*. London: Falmer Press.
- Cochran-Smith, M. og Lytle, S. (1993). *Inside-out: Teacher research and knowledge*. New York: Teachers' College Press.
- Day, C., Pope, M., og Dencicolo, P. (ritstj.) (1990). *Insight into teachers' thinking and practice*. London: Falmer Press.
- Elbaz, F. (1990). Knowledge and discourse: The evolution of research on teacher thinking. Í C. Day, M. Pope og P. Dencicolo, (ritstj.) *Insight into teachers' thinking and practice*. London: Falmer Press.
- Halkes, R. og Olsson J. (1984). *Teacher thinking. A new perspective on persisting problems in education*. Lisse: Swets and Zeitlinger.
- Handal, G. og Lauvås P. (1987). *Promoting reflective teaching: Supervision in action*. Milton Keynes: Open University Press.
- Hunt, D.E. (1987). *Beginning with ourselves*. Cambridge (Mass.): Brooklyn.
- Kelly, G. A. (1955). *The psychology of personal constructs*. Vols. 1 og 2. New York: Norton and Co. (Endurútgæfið 1991, London: Routledge).

- Kelcherman, G. (1993). Teachers and their career story: A biological perspective on professional development. *Research on teacher thinking. Understanding professional development.* Í C. Day, J. Calderhead og P. Denticolo, (ritstj.). London: Falmer Press.
- Pope, M. (1993). Anticipating teacher thinking. Í C. Day, J. Calderhead og P. Denticolo (ritstj.) *Research on teacher thinking. Understanding professional development.* London: Falmer Press.
- Sigrún Aðalbjarnardóttir (1999). Tracing the developmental processes of teachers and students: A sociomoral approach in school. *Scandinavian Journal of Educational Research* 43, 57-79.



Framkvæmdaræð Landssambands Delta Kappa Gamma 2003 – 2005

Framkvæmdaræð:

Ráðið skipa: stjórn Landssambandsins, formenn deilda, fráfarandi forseti, gjaldkeri og lögsögumaður án atkvæðisréttar.

Stjórn:

Rósa Kristín Júlíusdóttir, Betadeild, forseti, - rosiul@nett.is
 Ingibjörg Einarsdóttir, Gammadeild, 1. varaforseti, - ingibje@hafnarfordur.is
 Vera Ósk Valgarðsdóttir, Epsilondeild, 2. varaforseti, - vera@fsu.is
 Helga Thorlacius, Betadeild, ritari, - helgath@akmennt.is
 Bergþóra Gísladóttir, Deltadeild, bréfritari, - berathora@grunnskolar.is

Gjaldkeri: Kristín Bjarnadóttir, Gammadeild, - krisbj@khi.is

Lögsögumaður: Stjórn Sigurbjörnsdóttir, Alfadeild, - stjofn@smennt.is

Fráfarandi forseti: Áslaug Brynjólfssdóttir, Alfadeild, - aslaugbr@smennt.is

Formenn deilda:

Alfadeild: Sigríður Ragna Sigurðardóttir, - siaridrs@ruv.is
Betadeild: Halldóra Haraldsdóttir, - hh@unak.is
Gammadeild: Kristrún Ísaksdóttir, - kristrun.isaksdottir@mnn.sifr.is
Deltadeild: Sofía Sigurðonsdóttir, - soffias@grundaskoli.is
Epsilondeild: Elínborg Sigurðardóttir, - elinborg@smennt.is
Zetadeild: Sigríður Þráinsdóttir, - darri@eldhorn.is
Etaadeild: Gerður Guðmundsdóttir, - gerdur@smennt.is
Petadeild: Sóley Halla Þórhallsdóttir, - soley.h.thorhallsdottir@haidarskoll.is
Iotadeild: Sigríður Ragnarsdóttir, - sigga-ti@snerpa.is